

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1189*  
*komudagur 11.3.2009*

Reykjavík, 9. mars 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenfélagasambands Íslands um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn). 356. mál

Kvenfélagasamband Íslands lýsir stuðningi sínum við framangreint frumvarp og telur aðgerðir til að efla hlut kvenna í stjórnnum hlutafélaga og einkahlutafélaga séu til bóta fyrir samfélagið.

Með frumvarpinu er ríkari upplýsingaskylda lögð á herðar hlutafélögum og einkahlutafélögum um kynjahlutföll í stjórnnum og meðal framkvæmdastjóra og starfsmanna en þau lög sem nú eru í gildi kveða á um.

Nýlega sendi fundur Kvenfélagasambandsins frá sér ályktun þess efnis að kvenfélagskonur á Íslandi hafi átt stóran þátt í uppbyggingu íslensks samfélags sl. 140 ár, ávallt með hag heildarinnar að leiðarljósi og að í árána rás hafi kraftur kvenna og útsjónarsemi skipt sköpum í allri þjóðfélagsuppbyggingu. Kvenfélagskonur séu enn tilbúnar að leggja sitt af mörkum og hvetji til þess að á öllum sviðum stjórnsýslunnar verði leitað í þekkingarbrunn kvenfélagskvenna til framtíðar uppbyggingar íslensks samfélags.

Með gildistöku laga í samræmi við framangreint frumvarp er konum tryggður betri aðgangur að stjórnun fyrirtækja og einkahlutafélaga og þar með þeirri þjóðfélagsuppbyggingu sem nú fer í hönd.

Virðingafyllst,  
f.h. stjórnar Kvenfélagasambands Íslands

Hildur Helga Gísladóttir  
framkvæmdastjóri

Kvenfélagasamband Íslands, Hallveigarstöðum við Túngötu 14, 101 Reykjavík sími: 5527430  
netfang: [kvenfelag@kvenfelag.is](mailto:kvenfelag@kvenfelag.is) veffang: [www.kvenfelag.is](http://www.kvenfelag.is)